

Mánudaginn 7. febrúar 1972.

Nr. 9/1972. **Valdstjórnin**
 gegn
Ómari Júlí Gústafssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Endurnýjun réttinda til að aka leigubifreið til mannflutninga.

Dómur Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 68. gr. a, 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 31/1961 um breyting á almennum hegningarlögum, sbr. XXI. kafla laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafizt þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur.

Saksóknari ríkisins hefur tjáð sig um sakarefni máls þessa, og hinn 2. þ. m. barst Hæstarétti greinargerð talsmanns varnaraðilja, er krafðist kærumálskostnaðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 14. janúar 1972.

Ár 1972, föstudaginn 14. janúar, er í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn er af Jóni A. Ólafssyni aðalfulltrúa, að Borgartúni 7, kveðinn upp úrskurður þessi vegna neitunar lögreglustjórans í Reykjavík um að endurnýja ökuréttindi Ómars Júlí Gústafssonar, Nökkvavogi 3, til farþegaflutninga í atvinnuskyni.

Málavextir eru þessir:

5. október s.l. lagði Ómar Júlí Gústafsson, til heimilis að Nökkvavogi 3 hér í borg, fram tilskilin gögn við lögreglustjóra-embættið í Reykjavík og óskaði endurnýjunar á ökuskríteini sínu.

Skírteinið var fyrst gefið út í Suður-Múlasýslu 6. nóvember 1953 og veitti þá réttindi samkvæmt liðum A, B og D samkvæmt hinu hefðbundna formi núverandi ökuskírteina. 25. apríl 1958 var bætt við réttindum samkvæmt liðum C og E. Þannig var skírteinið endurnýjað við lögreglustjóraembættið í Reykjavík 5. október 1966 til 5 ára. Lögreglustjórinn í Reykjavík synjaði að þessu sinni Ómari Júlí um ökuréttindi til farþegaflutninga í atvinnuskyni vegna þess, að umsækjandinn hlaut 1. apríl s.l. í sakadómi Reykjavíkur 8 mánaða óskilorðsbundinn fangelsisdóm fyrir brot gegn 248. og 261. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, og sendi kærða í ábyrgðarbréfi 22. október s.l. endurnýjað ökuskírteini með þannig skertum ökuréttindum.

Ómar Júlí vildi ekki una þessu, og samkvæmt heimild 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 31/1961, bar dr. Gunnlaugur Þórðarson hæstaréttarlögmaður með bréfi, dags. 4. nóvember s.l., þessa synjun lögreglufyrirvaldanna undir sakadóminn. 30. s. m. sendi dómurinn málsskjölin til saksóknara ríkisins, svo hann gæti tjáð sig um málið, áður en krafa lögmannsins væri tekin til úrskurðar. Í bréfi saksóknara frá 16. desember s.l. tekur saksóknari fram, að hann fallist á það viðhorf lögreglustjórans í Reykjavík, að ógerlegt sé að veita Ómari Júlí ökuskírteini til aksturs bifreiða, sem notaðar eru til farþegaflutninga í atvinnuskyni vegna þess dóms, sem felldur var yfir honum 1. apríl s.l.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum mánudaginn 20. maí 1968, var Ómar Júlí dæmdur í 4 mánaða fangelsi skilorðsbundið fyrir brot á 248. gr. almennra hegningarlaga, þar sem hann hafði með sviksamlegum hætti aflað sér fjárvinnings, samtals að fjárhæð kr. 16.460.00.

Með 2 ákærum saksóknara, dags. 1. og 22. marz 1971, höfðaði saksóknari ríkisins mál á hendur Ómari Júlí fyrir brot á 248. og 261. gr. almennra hegningarlaga, og lauk þeim málum sameinuðum með dómi 1. apríl 1971. Í þeim dómi var talið m. a. sannað, að kærði hafi aflað sér með sviksamlegum hætti fjárvinnings, samtals að fjárhæð kr. 65.200.00, og með dóminum var ákærði dæmdur í 8 mánaða fangelsi óskilorðsbundið í einu lagi fyrir þau brot, sem fyrri refsidómur laut að, auk þeirra brota, sem hann var saksóttur fyrir í seinna málinu.

Synjun lögreglustjóra byggist á því, að hann telur, að Ómar Júlí hafi flekkað mannorð, sbr. 4. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Í þeim lögum er engin skýrgreining á hugtakinu óflekkað

mannorð, og í íslenskri löggjöf er hvergi að finna almenna skýrgreiningu á hugtakinu. Í 2. gr. laga nr. 52/1959, sbr. 1. gr. laga nr. 45/1961, er skýrgreining á hugtakinu óflekkað mannorð sem kosningaréttarskilyrði. Aðalefni greinarinnar er í 1. mgr., sem er svohljóðandi: „Enginn telst hafa óflekkað mannorð, sem er sekur eftir dómi um verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti, nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar“. Í 2. mgr. er nokkur fylling á skýrgreiningu hugtaksins, þar sem tilteknar tegundir dóma eru útilokaðar frá því að hafa í för með sér mannorðsflekkun. Í 2. mgr. er svohljóðandi: „Dómur fyrir refsivert brot hefur ekki flekkun mannorðs í för með sér, nema sakborningur hafi verið fullra 18 ára að aldri, er hann framdi brotið, og refsing sé minnst 4 mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæzla sé dæmd“. Ekki verður af þessu ákvæði nein gagnályktun dregin, heldur verður að meta þá dóma, sem ekki eiga undir málsgreinina, hvern og einn sjálfstætt.

Dómurinn telur, að ekki komi til mála án beinna lagafyrirmæla að skýrgreina hugtakið flekkað mannorð á mismunandi hátt á hinum ýmsu stöðum í löggjöfinni. Þar af leiðir, að dómurinn telur, að hugtakið óflekkað mannorð í skilningi 4. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 2. gr. laga nr. 52/1959, sbr. 1. gr. laga nr. 45/1961, sé hið sama.

Frá fornu fari hafa ýmis brot á almennum hegningarlögum verið talin svívirðileg að almenningsáliti á Íslandi, svo sem rán, þjófnaður og svik. Með tveim ofangreindum dómum sakadóms Reykjavíkur var talið sannað, að Ómar Júlí hafi með sviksamlegum hætti aflað sér fjárvinnings, samtals að fjárhæð kr. 81.908.00, og hefur hann með seinni dóminum flekkað mannorð. Því var synjun lögreglustjórans í Reykjavík um að endurnýja ökuréttindi hans til farþegaflutninga í atvinnuskyni réttmæt og skal óhöggð standa.

Úrskurðarorð:

Synjun lögreglustjórans í Reykjavík um að endurnýja ökuskríteini Ómars Júlí Gústafssonar, Nökkvavogi 3 hér í borg, til aksturs bifreiða, sem notaðar eru til farþegaflutninga í atvinnuskyni, skal óhöggð standa.